

200 slög á mínútu

Pórarinn Hjálmarsson

200 er falleg tala. Vill svo skemmtilega til að þetta er einnig póstnúmerið á fallegasta, en þó flóknasta bæjarfélagi landsins. Flókið gatnagerðarlega séð en sýnir þó hvernig hægt er að flækja einfalda hluti með malbiki og kantsteinum.

Í Kópavogi hefur hjarta mitt slegið nær daglega ef frá eru taldir nokkrir mánuðir í Reykjavík þar sem ég dvaldi með konu og barni. Ég lít ekki á mig sem óskason bæjarfélagsins en bíð þó alltaf eftir að bæjarstjórnin, ásamt þeirri mikilfenglegu Skólahljómsveit Kópavogs gangi fylktu liði inn götuna mína og veiti mér verðlaun. Veit ekki fyrir hvað, kannski bara fyrir að vera til. En þetta er draumur sem ég veit að mun verða, einn daginn, að veruleika.